

Nd.

186. Nefndarálit

um frv. til laga nm fyrirhleðslu fyrir Pverá og Markarfljót.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir kynt sjer þetta mál eftir fõngum. Litur hún svo á, að hjer sje um svo mikið nauðsynjamál að ræða, að ráðast verði i fyrirtækið, jafnvel þótt kostnaður fari að mun fram úr áætlun. Landspjöllin eru orðin af-armikil, og mikið af landi, sem enn er i blóma, liggur fyrir eyðileggingu, ef ekki er að gert. Landið meðfram vötnunum, sem leggja það smátt og smátt i auðn, er afarfrjósamt og blómlegt. Er því sannarlega kominn tími til að taka hjer i taumana, stöðva skemdirnar, ef mögulegt er. Telja má og vist, að fljótt grói upp eyrarnar og sandarnir, sem vötnin leika nú um, ef takast mætti að hlaða svo fyrir, að dygði. Fyrirtækið er stórt og mikilvert. Mjög er áriðandi, að rannsakað sje nákvæmlega vatnsmagn fljótsins á öllum tímum árs áður en gengið er frá fyrirhleðslunni, því að mjög riður á, að garðarnir sjeu gerðir nógu traustir i byrjun. Hjer verður að byggja á þekkingu, viti og forsjá verk-

fræðinganna, sem standa fyrir verkinu. Alt er undir því komið, að verkstjórnin sje góð. Sá, sem fyrir verkinu stendur, má því ekki hafa það í hjáverkum. Hann verður að vera við það óskiftur. Það verður vel að vanda, sem lengi á að standa. Og hver frjósamur blettur á landinu, ekki síst á Snðurlandsundirlendinu, getur orðið dýr með tímanum. Það getur orðið margfaldur gróði fyrir þjóðina að leggja mikið fje í stór ræktunarfyrirtæki. Þau umskapa landið, ef þau hepnast, og manna fólkið. Og þetta tvent er nauðsynlegt, ræktun landsins og menning þjóðarinnar. Þetta fyrirhleðslufyrirtæki er einstakt og erfitt viðfangs. Hvilir mikil ábyrgð á þeim verkfræðingi, sem fyrir verkinu stendur og leggur á ráðin. Má það stórvirki heita í islenskum framkvæmdum, ef árangurinn verður hjer góður. Væntanlega leggur landsstjórnin alúð við það, að sem minst mistök verði hjer á framkvæmdum. Því að það er þjóðarsómi og þjóðargagn, ef fyrirtækið hepnast vel.

Rjett virðist nefndinni, að landsstjórnin hlutist til um, að verðhækkunarskattur verði á sinum tíma greiddur landssjóði af jörðunum á þessu svæði, sem bótum taka og varðar eru skemdum.

Nefndinni virðist frv. vel hugsað. Ræður hún til, að það sje samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. júlí 1917.

Stefán Stefánsson,
form. og framsögumaður.

Jón Jónsson,
skrifari.

Einar Arnason.

Pjetur Þórðarson.

Sigurður Sigurðsson.